

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 — 1973

14. júní 1973.

191

Nr. 71.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til að afnema um stundarsakir þau efri mörk, sem gilda um daglega gengisskráningu krónunnar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Viðskiptaráðherra hefur tjáð mér, að gengi margra helztu viðskiptalanda Íslendinga, sem hafa fljótandi gengi gagnvart Bandaríkjadollar, hafi færzt verulega upp fyrir mörk þau, sem sett eru af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þau mörk, svo og gildandi frávik kaup- og sölugengis frá stofngengi hér á landi, eru nú 2¼%. Ber brýna nauðsyn til að fá nú þegar rýmri heimildir til hækkunar á daglegri skráningu kaup- og sölugengis til þess að mæta hinum breyttu aðstæðum og koma í veg fyrir raunverulega lækkun á gengi íslensku krónunnar.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Drátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 97 20. desember 1972 er Seðlabankanum heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að skrá daglegt kaup- og sölugengi krónunnar fyrir ofan þau mörk, sem sett eru í fyrrgreindum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1973.

Gjört að Bessastöðum, 14. júní 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.